

37

23. maí

2. gr.

Í stað 1. málsl. 11. gr. laganna komi tveir málsliðir, þannig:

Nú er samþykkt gerð af sýslunefnd, og skal hún þá send samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna eða hafa í för með sér óeðlilega lengingu sýsluvegakerfisins miðað við þá venju, sem myndast hefur í hverri sýslu, er samþykktin endursend án staðfestingar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

*Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

38

23. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Auk hins almenna eftirlits og skyndiskoðana, sem um ræðir í III. kafla, einkum 20. gr., sbr. og 8. gr., eru skoðunargerðir á skipum tvenns konar: aðalskoðun og sérstök aukaskoðun.

2. gr.

c-liður 24. gr. orðist þannig:

Á öllum öðrum skipum ár hvert.

d-liður sömu greinar falli niður.

3. gr.

27. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

4. gr.

28. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

5. gr.

31. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

6. gr.

53. gr. falli niður og í stað hennar komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir skoðanir á skipum, eimkötlum, mælingu á skipum, útgáfu skirteina, endurskoðun smíðauppdrátta og aðrar skoðanir skal eigandi greiða gjöld til ríkissjóðs samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur.

## 7. gr.

38

23. maí

54. gr. falli niður og í stað hennar komi ný grein, svo hljóðandi:

Fyrir eftirlit flokkunarfélags eða annars trúnaðarmanns skipaskoðunar ríkisins greiðir eigandi þeim, sem hlut eiga að máli.

## 8. gr.

55., 56., 57., 58., 59. og 60. gr. falli niður og greinatalan breytist samkvæmt því.

## 9. gr.

2. mgr. 61. gr. orðist þannig:

Gjöldin skulu innheimt af skipaskoðun ríkisins eða lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra) á sama hátt og önnur opinber gjöld til ríkisins.

Gjöldunum fylgir lögveði í skipi, jafnsett lögveði fyrir lestagjald, í eitt ár frá því, er gjald var kræft.

## 10. gr.

Þegar lög þessi koma til framkvæmda, skal fella meginmál þeirra svo og lög nr. 21 1. marz 1956 og 1. gr. laga nr. 38 8. maí 1957 inn í lög nr. 68 5. júní 1947 og gefa þau út svo breytt.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 23. maí 1959.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

39

23. maí

## um ítölu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara og þess gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

## 2. gr.

Nú berst sveitarstjórn krafa frá a. m. k.  $\frac{1}{4}$  búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða sveitarhlutanum eða á afréttarlöndum innan hreppsins, og skal þá boða til fundar ábúendur hreppsins eða hreppshlutans um málið. En búendur teljast allir þeir, er jörð hafa eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess getið í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hreppshlutans sækir fundinn.